

Númer skjals:	FÁST-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	2
Útgáfudags.:	19.02.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	19.02.2020 / 19.02.2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana og uppgjörs

## FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáí tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	8.5.2020
Svið:	Skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Leikskólaskrifstofa
Verkefni/tillaga:	Tillaga um frávík frá reglunni um að hvert leikskólabarn taki 20 virka daga í sumarleyfi, sumarið 2020.
Þjónustubáttur:	Leikskólaþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	90-100 m.kr
Annað:	

### Jafnréttisskimun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Lagt er til að sumarið 2020 verði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu vegna leikskóla Reykjavíkurborgar um að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Foreldrum/forsjáraðilum barna í leikskólum Reykjavíkurborgar sem, vegna skerðingar á leikskólaþjónustu vegna Covid-19, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og eiga af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfis daga leikskólabarns. Á sama tíma geti þeir sótt um dvöl í hverfisleikskóla sem ákveðið hefur verið að hafa opinn í sumar. Hvert barn verður þó að fá að lágmarki 5 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildir eingöngu fyrir sumarið 2020.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Nei
<b>Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar.</b>
Tillögunni er ætlað að mæta þörfum foreldra í leikskólum Reykjavíkurborgar sem vegna skerðingar á starfsemi leikskóla af völdum Covid-19 neyddust til að ganga á orlofsdaga sína og hafa ekki tæk á að taka 20 sumarleyfis daga með leikskólabörnum sínum óháð kyni foreldra.
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.</b>
Á ekki við
<b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup></b>

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Nei